# Verðskrá hitaveitu

**Gildir frá 01.01.2022**

Norðurorka selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn.

Verðskrá fyrir afnot af heitu vatni skiptist í tvær grunneiningar (1) fast verð og (2) rúmmetragjald eða kílóvattstundagjald. Greiddur er sérstakur skattur af seldu heitu vatni, umhverfis- og auðlindaskattur, og er hann 2%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til hitunar húsa og laugarvatns er 11%. Virðisaukaskattur af hitaveitu til annarar notkunar er 24%.

## Almenn orkunotkun

| Veitusvæði | Grunnur | kr. | Umhverfis- og auðlindaskattur | Stofn til vsk | vsk 11% | Samtals með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri og nágrenni | kr/m³ | 134,54 | 2,69 | 137,23 | 15,10 | 152,33 |
| Ólafsfjörður | kr/m³ | 82,34 | 1,65 | 83,99 | 9,24 | 93,22 |
| Ólafsfjörður hemlagjald | kr/mínlíter/mán | 1.858 | 37,16 | 1.895,04 | 208,45 | 2.103,50 |
| Reykjaveita (bakrás 30°C) | kr/kWst | 5,38 | 0,11 | 5,48 | 0,60 | 6,09 |

### Skýringar:

Bakrásarhiti er í raun tilbúið viðmið og hefur ekki áhrif á heildarverð til viðskiptavina en er fest í tölvubúnað mælis í samræmi við reglugerð 561/2012.

Stilling á hemli gildir í eitt ár frá áramótum til áramóta. Breytingu á vatnsrennsli til aukningar er hægt að gera hvenær sem er, en til minnkunar einu sinni á ári, um áramót. Hemlar eru á útleið og í stað þeirra kemur orkuígildismælir.

## Fast verð

| Stærð mælis | Grunnur | kr. | Umhverfis- og auðlindaskattur | Stofn til vsk | vsk 11% | Samtals með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15 - 20 mm | kr/dag | 70 | 1,40 | 71,21 | 7,83 | 79,04 |
| 25 - 32 mm | kr/dag | 290 | 5,79 | 295,47 | 32,50 | 327,97 |
| 40 mm | kr/dag | 1.141 | 22,82 | 1.163,81 | 128,02 | 1.291,83 |
| 50 mm og stærri | kr/dag | 2.203 | 44,06 | 2.246,84 | 247,15 | 2.494,00 |

ÚR GILDI

### Skýringar:

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu í samræmi við stærð heimæðar.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar þannig að mæling bregst, áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleyping eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar við húsveitu hefst innheimta samkvæmt verðskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús/frístundahús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvarar 300 m³ af heitu vatni eða 12.800 kWst. á ársgrunni þar sem kWst. mæling er grundvöllur orkumælingar. Þessi hús eru háð rennslistakmörkunum.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi leyfa. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstingsbreytingum, og er starfsfólki veitunnar einu heimilt að breyta stillingu hans.

Um tæknilega tengiskilmála hitaveitna  gildir reglugerð nr. 488/2021.